

MENNTA- OG MENNINGAR- MÁLARÁÐUNEYTI

ÁRSRIT 2016

„Listamaðurinn nær aldrei marki -
því það fer hraðar en hann sjálfur.
Það opnast sífellt nýjar viðáttur ...“

*“The artist never reaches his goal -
because it moves faster than he does.
New expanses open up all the time ...”*

mundur Sveinsson





**MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017

Ábyrgðarmaður: Ásta Magnúsdóttir

Umsjón: Þorgeir Ólafsson

Hönnun og umbrot: Sævar Guðbjörnsson

ISSN nr. 298-7983

Prentun: Leturprent

Mynd bls. 4: Friðrik Örn Hjaltested

Aðrar myndir eru teknar af starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytis

Efni

Inngangur.....	4
Stefnumótun og þróun.....	5
Lög og reglugerðir	13
Samskipti við stofnanir, eftirlit, mat og fleira.....	17
Ýmis verkefni.....	23
Starfsemi ráðuneytisins, starfsmannamál og fleira.....	29

Inngangur

Undirbúningur að breytingum á skipulagi og starfsemi ráðuneytisins einkenndu verkefni í ráðuneytinu á árinu 2016 ásamt fjölda verkefna við framkvæmd stefnu í menntamálum.

Einn áfangi í breytingarferlinu var fólgin því að breyta skipulaginu til að auðvelda ráðuneytinu að bregðast við þeim breytingum sem urðu með tilkomu laga um opinber fjármál, nýta betur mannaflann og efla stjórnsýsluna. Annar mikilvægur áfangi fólst í stofnun teyma og samráðshópa. Hlutverk teyma er að hafa umsjón með og undirbúa afgreiðslu flókinna, viðamikilla og tímafrekra erinda eða mála og eru að jafnaði skipuð starfsmönnum frá mörgum fagskrifstofum. Samráðshóparnir eru að sama skapi skipaðir til að bæta samhæfingu og samráð á milli skrifstofa, m.a. við fjárlagagerð og setja fram stefnur ráðherra. Allar þessar breytingar miða að því að búa ráðuneytið undir breytt hlutverk í kjölfar laganna um opinber fjármál. Starfsemi ráðuneytanna snýr nú meira en áður að yfirstjórnarhlutverki, stefnumótun og eftirliti með að stefnum ríkisins í mismunandi málaflokkum sé framfylgt auk þess að fjármálastjórnun og eftirlit er aukið.

Að vanda er í ársritinu einkum fjallað um verkefni sem lokið er eða þar sem tilteknum áfanga er náð. Ekki er að jafnaði fjallað um reglubundin verkefni, til dæmis afgreiðslumál, undirbúning fjárlagagerðar og fleira. Ráðuneytinu berst fjöldi erinda á hverju ári, sem sjá má í töflum aftast í ritinu og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi er mjög viðamikil en hennar er aðeins að litlu leyti getið hér. Góðum og samstilltum hópi samstarfsmanna þakka ég gott samstarf.

Ásta Magnúsdóttir
ráðuneytisstjóri



STEFNUMÓTUN OG ÞRÓUN



Áfangar í menntamálum

Nýrri stefnumótun í menntamálum undir forystu Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra var hrint af stað árið 2013. Henni lauk snemma árs 2014 og var gefin út undir heitinu [Hvítbók um umbætur í menntun](#) og þar eru þessi markmið sett um umbætur í menntun á Íslandi til ársins 2018:

- Í fyrsta lagi að 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri, en hlutfallið var 79% árið 2012.
- Í öðru lagi er sett það markmið að hlutfall nemenda sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma hækki úr 44%, eins og það var árið 2012, í 60%.
- Í þriðja lagi er markmiðið að fjölga nemendum í starfsnámi.

Á árinu 2016 var ýmsum verkefnum, sem miða að því að ná framangreindum markmiðum, ýtt úr vör eða lokið.

Aðgerðir til að auka læsi:

● Ráðgjafateymi í lestrarmálum

Á vegum Menntamálastofnunar starfa ráðgjafateymi í lestrarmálum sem veita skólum og sveitarfélögum um land allt stuðning. Ráðgjafarnir hafa fengið þjálfun og leiðsögn frá erlendum og innlendum fræðimönnum, haldið námskeið og leiðbeint skólastjórnendum, kennurum og öðru grunnskólafólki. Auk þess hafa þeir sinnt leikskólastiginu eftir föngum. Leiðsögn þeirra tengist m.a. því að styðja við notkun skimunarprófa og meðferð gagna er tengjast þeim. Markmiðið er að á fimm ára tímabili breytist verkefnið í getu og framkvæmd til framtíðar í markvissri þjálfun og árangri í læsi í hverju sveitarfélagi.

● Áhersla á læsi á öllum skólastigum

Þá hefur Menntamálastofnun þróað og hafið innleiðingu skimunarprófa fyrir læsi í grunnskóla. Með breytingum á inntaki samræmdra prófa á yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi er stefnt að því að þau myndi heild sem sé í takt við markmið aðalnámskrár grunnskóla og styðji við skimun fyrir læsi og stærðfræði. Á vefnum [„Það er gott að lesa“](#) er margvíslegt fræðslu- og kynningarefni um lestur.

● Aukið samstarf við foreldra og auka áhuga á læsi

Útbúinn var [Læsisáttmáli](#) sem Landssamtökin Heimili og skóli standa að með stuðningi ráðuneytisins til að stuðla að því að virkja foreldra til að auka áhuga og færni barna sinna í lestri.

Aðgerðir til að stytta námstíma:

● Stytting námstíma

Frá og með haustinu 2016 hófu allir framhaldsskólar að innleiða í áföngum þriggja ára stúdentsprófsbrautir.

● Minnka brotthvarf nemenda úr námi

Á vegum Menntamálastofnunar hefur skimun verið lögð fyrir nýnema allra framhaldsskóla til að kortleggja hvers konar áhættuþættir einkenna nemendahóp viðkomandi skóla. Þá hefur stofnunin birt upplýsingar og gögn sem nýtast skólunum til að velja aðgerðir sem henta mismunandi áhættuþáttum. Að auki hefur öllum framhaldsskólum verið falið að gera aðgerðaáætlanir sem byggjast á niðurstöðum skimunar.

Aðgerðir til að fjölga nemendum í starfsmenntun

● Endurskoðun námsbrauta og námsferilsbækur

Meðal aðgerða sem hrint var í framkvæmd árið 2016 má nefna að í framhaldsskólunum er unnið að endurskoðun starfsnámsbrauta og vinna við námsferilsbækur hófst í ráðuneytinu. Jafnframt samþykkti ráðuneytið þróunarverkefni sem m.a. felur í sér samstarf atvinnulífs og Tækniskólans við útfærslu stálsmiðanáms. Unnið var að endurskoðun alls starfsnáms og er gert ráð fyrir að henni ljúki árið 2019.

● Fagháskólastig

Vinnuhópur um stofnun fagháskólastigs lauk störfum og lét ráðuneytinu í té skýrslu þar sem meðal annars er lagt til að fagháskólanám hefjist sem þróunarverkefni árið 2017 og a.m.k. 5 mismunandi námsleiðir verði skilgreindar til þróunar og innleiðingar.

GEFNIR VORU ÚT TVEIR BÆKLINGAR Í KJÖLFAR HVÍTBÓKAR UM UMBÆTUR Í MENNTUN:



Hvernig getum við bætt menntun barna okkar?

Í bæklingnum er greint frá eftirfylgni með áherslum Hvítbókar og aðgerðum til ná þeim markmiðum, sem þar eru tilgreind.



Nýir tímar - kynningarrit um grunnskólamál

Í ritinu er gerð grein fyrir nýju einkunnakerfi, þjóðarsáttmála um læsi og samræmdu um könnunarprófum. Þá er útskýrt hvað átt er við með hæfni nemenda og hvernig nýtt einkunnakerfi virkar.



Biophilia menntaverkefnið: Aukinn áhugi á skapandi nálgun í kennslu

Priggja ára formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni um Biophiliu menntaverkefnið lauk í árslok 2016. Verkefnið var starfrækt í 33 skólum í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Íslandi, Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi um tveggja ára skeið og um 147 kennarar og 3454 nemendur tóku þátt í því.

Markmiðið með Biophiliu menntaverkefninu er að hvetja börn til að kanna eigin sköpunargáfu og læra um tónlist, náttúru og vísindi með hjálp nútímataekni og þverfag-

legrar kennslu. Upphaf þess má rekja til samvinnu Bjarkar Guðmundsdóttur, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands en verkefnið er nú á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í júní var uppskeruhátíð Biophiliu menntaverkefnisins haldin í Reykjavík þar sem sýndur var afrakstur þess frjóa starfs sem farið hefur fram í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum í Reykjavík undir merkjum verkefnisins.

Gerð var úttekt á Biophiliu

menntaverkefninu til að meta framkvæmd og aðferðafræði þess, kanna veikleika og styrkleika og afla upplýsinga um hvaða áhrif verkefnið hafði á þátttakendur, störf þeirra og starfsumhverfi. Helstu [niðurstöður](#) sýndu að Biophilia hefur haft jákvæð áhrif á kennsluaðferðir þátttakenda. Greina má aukinn áhuga þeirra kennara sem tóku þátt í því að beita skapandi aðferðum í kennslu og í flestum þátttökulöndunum merktu menn aukinn áhuga nemenda á tónlist og náttúruvísindum í kjölfar kennslunnar.

Samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð árin 2016-2019

Í [samkomulaginu](#) sem byggt er á skýrslu Kvikmyndaráðs koma áherslur á sviði kvikmyndagerðar og kvikmyndamenningar og um þróun styrkjakerfis á sviði kvikmyndagerðar. Auka á fjármagn í Kvikmyndasjóð og auka hlutfall framleiðslustyrks úr Kvikmyndasjóði af heildarframleiðslukostnaði einstakra verkefna og efla gerð heimildamynda, stuttmynda og leikinna sjónvarpsmynda.

Tryggja á jafnan hlut karla og kvenna í styrkveitingum Kvikmyndasjóðs meðal annars með því að veita konum tímabundið sérstaka handrita-, þróunar- og framleiðslustyrki jafnframt því að jafna hlut kynjanna í öðrum list-rænum stöðum í kvikmyndagerð. Einnig er sett það mark-

mið að styðja sérstaklega við konur og karla sem eru að stiga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð. Í samkomulaginu er einnig lögð áhersla á barnaefni og að kappkostað verði að a.m.k. eitt slíkt verkefni verði framleitt árlega. Samkomulagið felur í sér að stuðningur við kvikmynda-gerð á Íslandi í gegnum Kvikmyndasjóð eykst úr 844,7 millj. kr. árið 2016 í 1.084,7 millj. kr. árið 2019.

Að samkomulaginu standa mennta- og menningar-málaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sam-band íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), Félag kvik-myndagerðarmanna (FK) og Samtök kvikmyndaleikstjóra (SKL).

Hæfniramma um íslenska menntun

Tilgangur hæfnirammans er annars vegar að auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands og hins vegar að auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa. [Íslenski hæfniramminn](#) telur sjö hæfniprep og endurspeglu hækkandi þrep stigvaxandi hæfnikröfur í formlegu og óformlegu námi. Prep-in endurspeglu þær kröfur sem gerðar eru til fólks um þekkingu, leikni og hæfni í verkefnum, vinnu og samskiptum. Hæfniramminn eykur þannig gagnsæi og varpar ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu námi á tilteknu þrepi og nýttist almenningi sem tenging milli formlegs og óformlegs náms. Upplýsingar um hæfni má t.a.m. nýta í ferilskrá, við starfsþróun og í umsókn um nám.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, BSRB, Kvasir, Leikn, Banda-lag háskólanna, Samtök íslenskra framhaldsskólanema og Landssamtök íslenskra stúdenta undirrituðu yfirlýsingu

Hæfniramma um íslenska menntun

Íslenski Qualification Framework (ISQF)	Lýsing á hæfniviðmiðum	European Qualification Framework (EQF)
7	<ul style="list-style-type: none"> Hæfur yfirlýsingaáhrif yfir kenningar, rannsóknir og nýjustu þekkingu sína á sviði. Getur framkvæmt og selt rannsóknir af öryggi með þróun nýrrar þekkingar að leiðarljósi. Getur sýnt sjálfsstærð og frumvæði og borið ábyrgð á fókusi fræðilegrar vinnu og niðlæð henni til annars. 	8
6.2	<ul style="list-style-type: none"> Hæfur áfah sér þekkingar með rannsóknir og skilar fræðileg viðfangsefni og áttímal og getur selt nýjustu þekkingu í samhengi. Getur skilið fókusi viðfangsefni og beitt viðeigandi aðferðum við framkvæmd smærri rannsóknarefna. Getur átt frumvæði að nýjum verkefnum, með þá aðferðarhæði sem vó á, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna. 	7
6.1	<ul style="list-style-type: none"> Þekkir og skilar fræðileg viðfangsefni og áttímal og getur selt nýjustu þekkingu í samhengi. Getur beitt aðferðum fræði-ástarfsmanna til að selja fram, þróa og leysa verkefni. Getur átt frumvæði að nýjum verkefnum, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna. 	
5.2	<ul style="list-style-type: none"> Hæfur þekkingu og tilmæl á helstu fræðilegum hugtökum og kenningum og hæfur vinnuáhrif um nýjustu þekkingu á völdu sviði. Getur beitt gagnrýnir aðferðum fræði-ástarfsmanna við úrlausn verkefna og lagt á þær sjálfsstærð mat. Getur unnið sjálfsstærð og skipulega, gert og fylgt áætlunum og leitt verkefni. 	6
5.1	<ul style="list-style-type: none"> Hæfur þekkingu á völdum kenningum og fræðilegum hugtökum og þekkir stóðu viðkomandi sviði í völdum samhengi. Getur undirbúið og framkvæmt verkefni og nýtt þá tækni sem notuð er í viðkomandi fræði-ástarfsmanna. Getur sýnt frumvæði og sjálfsstærð í vinnubrögðum og unnið með öðrum að úrlausn verkefna. 	
4	<ul style="list-style-type: none"> Hæfur sérhæfða þekkingu sem nýttist við leiðsögn og stjórnun í starfi og/eða til undirbúnings þekara náms. Getur skipulega vinnuáhrif, beitt viðeigandi tækni og þolið starfsaðferðir á ábyrgan hátt. Getur leiðbeint og veitt faglega hjálfun, með þá eigin vinnubrögðum og annars og borið ábyrgð á hagnýtingu starfsáhrifa í þverfaglegu samstarfi. 	5
3	<ul style="list-style-type: none"> Hæfur sérhæfða þekkingu sem nýttist í starfi og/eða til undirbúnings þekara náms. Getur skipulega og með eigin átt, sýnt fagmennsku og frumvæði. Getur nýtt sérhæfða þekkingu til umboða, veitt fagleg ráð og tekið þátt í þverfaglegu samstarfi. 	4
2	<ul style="list-style-type: none"> Hæfur þekkingu á verkefnum og hugtökum sem nýttist í námi og/eða starfi. Getur beitt viðeigandi faglegum aðferðum, verkefnum og upplýsingum við lausn viðfangsefna. Getur starfað með öðrum, tekið frumvæði í samskiptum og borið ábyrgð á skilgreindum verkþáttum. 	3
1	<ul style="list-style-type: none"> Hæfur grunnþekkingu sem nýttist í starfi og/eða til undirbúnings þekara náms. Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr erfiðum upplýsingum í námi og/eða starfi. Getur unnið undir leiðsögn annars en með nokkru sjálfsstærð í almennu verkefnum. 	1-2



um hæfnirammann og hún markaði tímamót um áherslu á sýnileika ævilangrar menntunar, sem fer fram bæði við nám og störf.

Aðilar yfirlýsingarinnar eru samábyrgir fyrir innleiðingu og kynningu á hæfnirammannum og leggja sérstaka áherslu á að þróaðar verði aðferðir við að skilgreina námslok og tengja óformlegt nám við hæfniprep rammans.

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Í skýrslu fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, sem afhent var mennta- og menningarmálaráðherra 10. mars 2016, kemur fram ný framtíðarsýn um [starfsþróun kennara og skólastjórnenda](#) og lögð áhersla á kennaramenntun sem starfsævilanga menntun. Lagt var til að skipað yrði samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda sem fylgdi eftir tillögum fagráðsins. Farið var að tillögum fagráðsins og Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda var skipað. Hlutverk þess er:

- Að vera vettvangur fyrir samstarf og samráð aðila um starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.
- Að kynna fyrir skólasamfélaginu skýrslu fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara.
- Að setja fram tillögur að útfærslu á niðurstöðum fagráðsins og kynna þær fyrir aðilum samstarfsráðsins og mennta- og menningarmálaráðherra.
- Að greina þarfir kennara og skólastjórnenda fyrir starfsþróun og gæta að gæðum starfsþróunar.
- Að hafa yfirsýn yfir þróun og stefnumótun í starfsþróun, afla upplýsinga um hana, leiða umræðu og miðla til skólasamfélagsins.
- Að vera menntayfirvöldum og öðrum aðilum til ráðgjafar um málefni er varða starfsþróun.

LIST FYRIR ALLA

List fyrir alla er nýtt barnamenningarverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis sem hóf göngu sína á haustdögum. Markmið þess er að öll börn og ungmenni á Íslandi, óháð búsetu og efnahag, fái aðgang að listum í hæsta gæðaflokki með reglulegum heimsóknnum listafólks. Í verkefninu er lögð höfuðáhersla á menningu fyrir börn og menningu með börnum.

Stefnt er að því að á þeim tíu árum sem nemendur stunda nám í grunnskóla öðlist þeir góða yfirsýn og kynnist fjölbreyttu listformi og stíl frá mismunandi tímabilum, ólíkum menningarheimum og íslenskum menningararfi. [List fyrir alla](#) er ætlað að styrkja vitund barna og ungmenna um listir og menningararf og auka læsi þeirra á eigin menningu. Þá er þess vænst að samtal barna og listamannanna eigi eftir að auðga bæði skóla- og listalíf landsins.



List fyrir alla



Læsissáttmáli

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heimili og skóli – landssamtök foreldra gerðu í ársbyrjun með sér samkomulag um [Læsissáttmála](#) fyrir foreldra. Sáttmálinn kemur í framhaldi af Þjóðarsáttmála um læsi sem fulltrúar Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúar allra sveitarfélaga landsins rituðu undir haustið 2015. Markmið hans er að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Eitt af meginverkefnum Heimilis og skóla í því samhengi var að útbúa Læsissáttmála fyrir foreldra og innleiða hann í skóla landsins.

Læsissáttmáli Heimilis og skóla var kynntur við hátiðlega athöfn í Vallarskóla á Selfossi í september og í kjölfarið kynnti starfsfólk Heimilis og skóla sáttmálann og dreifði honum á hátt í 50 kynningarfundum fyrir foreldra um land allt. Gert er ráð fyrir að foreldrar eða forráðamenn barna undirriti sáttmálann sem táknræna athöfn fyrir vilja sinn til að fara að honum.

Í læsissáttmálanum eru eftirtalin atriði:

- Lesum fyrir barnið og verum fyrirmyndir.
- Hlustum á barnið lesa.
- Viðhöldum og eflum færni.
- Höfum lesefni aðgengilegt og bjóðum val.
- Leitum hjálpar.
- Lesum á eigin tungumáli.

Fagháskólanám

Í [Hvítbók um umbætur í menntun](#) koma meðal annars fram áherslur um eflingu starfsmenntunar og að afstaða skuli tekin til þess hvort stofna skuli sérstakt fagháskólastig. Skipaður var verkefnishópur um fagháskólanám. Í [skýrslu](#) hans eru tillögur um að hefja þróunarverkefni um fagháskólanám árið 2017 og að fimm eða fleiri námsleiðir verði skilgreindar til þróunar og innleiðingar. Þeim er ætlað að verða fyrirmynd almenns fagháskólanáms um form náms og innihald.

Þá var lagt til að ráðherra skipi formlegan samráðsvettvang undir heitinu samstarfsráð um fagháskólanám og helstu verkefni þess verði að vinna að framgangi þróunarverkefnisins og fagháskólanámi til framtíðar.

Að tillögu verkefnishópsins var ákveðið að ríkið og atvinnulífið (SA, ASÍ, BSRB) stofni sameiginlegan þróunar-sjóð til að fjármagna þróunarverkefnið fyrir vorönn 2017 og skólaárið 2017-2018. Um sé að ræða einskiptisaðgerð en framtíðarfjármögnun fagháskólanáms fari eftir tillögum samstarfsráðsins um framtíðarskipan námsins. Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri SA, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, undirrituðu viljayfirlýsingu um stofnun sjóðsins.





Listframhaldsskóli á sviði tónlistar

Gerður var samningur við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík um stofnun listframhaldsskóla á sviði tónlistar, Menntaskóla í tónlist sem ætlað er að gefa nemendum, sem hyggjast leggja stund á framhaldsnám í tónlist, kost á sérhæfðu undirbúningsnámi. Skólanum er ætlað að þjóna allt að 200 nemendum af öllu landinu sem ætla í áframhaldandi nám á sviði tónlistar.

Í samningnum felst að Menntaskóli í tónlist stofni einkarekinn listframhaldsskóla á sviði tónlistar sem uppfylla skal öll skilyrði til að fá viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsskóla og reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi. Gert er ráð fyrir að á samningstímanum, sem er frá 1. september 2016 til 31. júlí 2017, sinni skólinn kennslu nemenda sem þegar hafa hafið nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og söng á miðstigi hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla Félags íslenskra hljómlistarmanna. Við lok samningsins og að uppfylltum ákvæðum hans tekur við þriggja ára þjónustusamningur um rekstur skólans.



Breytingar á lögum um grunnskóla

Alþingi samþykkti frumvarp um [breytingu á lögum](#) um grunnskóla, nr. 91/2008, um sjálfstætt rekna grunnskóla, valdmörk ráðuneyta, tólmundastarf og frístundaheimili. Markmið laganna eru meðal annars að skýra réttindi nemenda og foreldra auk þess að bæta stöðu þeirra sem ábyrgð bera á rekstri grunnskólanna, þ.e. sveitarfélaganna annars vegar og rekstraraðila sjálfstætt starfandi grunnskóla hins vegar. Með lögnum er settur rammi um starfsemi sjálfstætt starfandi grunnskóla og um starfsemi frístundaheimila fyrir börn í yngri árgöngum grunnskóla. Þá voru gerðar orðalagsbreytingar til samræmis við almenna málvenju og fleira.

Meðal helstu breytinga má nefna að í stað sérfræðipjónustu er nú notað hugtakið skólapijónusta. Sett var inn ákvæði þess efnis að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila en sveitarfélög ákveða hvernig staðið er að skipulagi starfsins. Þá bættust við nýjar greinar um sjálfstætt rekna grunnskóla. Þar er meðal annars kveðið á um gera skuli þjónustusamning milli sveitarfélags sem skóli starfar í og rekstraraðila og að ráðuneytið skuli staðfesta slíka samninga. Auk þess er ákvæði um að sveitarfélag geti hafnað því að gera slíkan þjónustusamning eða takmarkað hann við tiltekinn nemendafjölda.

Í nýju lögnum eru tilgreindar almennar kröfur til einkaaðila sem reka grunnskóla auk þess sem þar er tilgreint að ákvæði stjórnábyrgðar um sérstakt hæfi og ákvæði um þagnarskyldu taki til stjórnarmanna. Fjallað er um almennar kröfur til skólahalds í sjálfstætt reknunum grunnskólum til að tryggja lágmarks inntak þeirrar kennslu og þjónustu sem veitt er í sjálfstætt reknunum grunnskóla og taka af allan vafa um samspil annarra ákvæða grunnskólalaganna og skólustarfs í sjálfstætt reknunum skóla. Einnig er mælt fyrir um þær sérstöku skyldur sveitarfélags sem virkjast þegar samningur þess við einkaaðila um grunnskólahald felur í sér að einkaaðili tekur að sér rekstur skóla sem börn eða foreldrar þeirra eiga ekki val um hvort þau innritast í.

Þá er ákvæði þess efnis að ráðherra geti veitt rekstraraðila heimild til að starfa samkvæmt grunnskólalögum ef sveitarfélag hefur hafnað því að gera þjónustusamning við rekstraraðilann en í þessu felst ekki réttur til opinbers framlags. Að lokum er kveðið á um að allar stjórnvaldsákvæðanir grunnskóla og sveitarfélaga á grundvelli grunnskólalaga verði kærnanlegar til mennta- og menningarmálaráðuneytis, þ.m.t. ákvarðanir sem teknar eru í sjálfstætt starfandi skólum.

LÖG OG REGLUGERÐIR

Lög samþykkt á Alþingi árið 2016 á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis

Lög nr. [109/2016](#) um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (eintakagerð til einkanota).

Lög nr. [108/2016](#) um Grænlandssjóð. Frumvarp nefndar en undirbúið í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Lög nr. [78/2016](#) um breytingu á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms (gildistími bráðabirgðaákvæða o.fl.).
Frumvarp nefndar en undirbúið í samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Lög nr. [76/2016](#) um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (sjálfstætt reknir grunnskólar, breytt valdmörk ráðuneyta, tómskundastarf og frístundaheimili).

Lög nr. [14/2016](#) um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi (miðastyrkir).

Lög nr. [11/2016](#) um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (lenging verndartíma hljóðrita).

Lög nr. [10/2016](#) um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar, munaðarlaus verk).

Lög nr. [9/2016](#) um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (endurskoðun höfundalaga, einkaréttindi höfunda og samningskvaðir).

Reglugerðir gefnar út árið 2016

Reglugerð nr. [1270/2016](#) um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinna grunnskóla.

Reglugerð nr. [1199/2016](#) um breytingu á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla, nr. 1150/2008.

Reglugerð nr. [1148/2016](#) um brottfall reglugerðar nr. 125/2001, um innheimtu höfundaréttargjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga, með áorðnum breytingum.

Reglugerð nr. [1147/2016](#) um breytingu á reglugerð um Kvikmyndasjóð nr. 229/2003, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. [898/2016](#) um brottfall reglugerðar nr. 1111/2007 um Námsgagnasjóð.

Reglugerð nr. [530/2016](#) um stofnun og starf fagráða Menntamálastofnunar.

Reglugerð nr. [450/2016](#) um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi.

Reglugerð nr. [326/2016](#) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum.

Þingmál mennta- og menningarmálaráðherra

	Þingmálaskrá	Afgreidd lög
132. löggjafarþing	13	7
133. löggjafarþing	15	8
134. löggjafarþing	9	0
135. löggjafarþing	19	8
136. löggjafarþing	14	1
137. löggjafarþing	2	4
138. löggjafarþing	9	6
139. löggjafarþing	16	9
140. löggjafarþing	19	10
141. löggjafarþing	14	9
142. löggjafarþing	1	1
143. löggjafarþing	9	4
144. löggjafarþing	13	4
145. löggjafarþing	14	8

Fyrirspurnir til mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi

Á 145. löggjafarþingi 2015 – 2016 svaraði mennta- og menningarmálaráðherra 37 skriflegum fyrirspurnum og 17 munnlegum fyrirspurnum. Að vanda var mest spurt um menntamál en einnig um fjölmiðlamál, menningarmál og ýmis atriði sem snerta starfsemi og rekstur ráðuneytisins.

Fern ný lög um breytingar á höfundalögum

Alþingi samþykkti á árinu 2016 fern ný lög um breytingar á höfundalögum [nr. 73/1972](#) sem varða aðgengi að munaðarlausum verkum, lengri verndartíma hljóðrita, samningskvaðir og eintakagerð til einkanota:

Lög [nr. 10/2016](#) um innleiðingu tilskipunar ESB um munaðarlaus verk

Markmið laganna er að innleiða Evróputilskipun [2011/ 77/ESB](#) um tiltekin leyfileg afnot af munaðarlausum verkum. Munaðarlaus eru þau verk nefnd sem njóta verndar höfundaréttar en höfundur þeirra er óþekktur eða ekki vitað hvar hann heldur sig og því ekki unnt að leita heimildar hans til að nota verkin. Lögín taka til almenningsbókasafna, menntastofnana, safna, skjalasafna, varðveislustofnana kvikmynda og hljóðrita og útvarpsstöðva sem veita opinbera þjónustu. Skilgreint er hvað telst vera munaðarlaust verk. Lögín veita tilteknum menningarstofnunum heimild til að nota verk án heimildar réttshafa ef komist er að þeirri niðurstöðu, eftir ítarlega leit, að viðkomandi verk séu munaðarlaus.

Lögnr. [11/2016](#) um lengingu á verndartíma hljóðrita

Markmið laganna er að innleiða Evróputilskipun [2011/ 77/ESB](#) um verndartíma höfundaréttar. Með lögnum verður útreikningur á verndartíma tónverka með texta samræmdur þannig að

verndartími tónlistar og söngtexta haldist uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir andlát þess höfundar sem lengur lifir, hvort sem það er tónskáld eða textahöfundur. Einnig að verndartími fyrir rétt flytjenda til hljóðrita af listflutningi þeirra, sem hafa verið gefin út eða gerð aðgengileg almenningi, lengist úr 50 árum í 70 ár, reiknað frá útgáfudegi eða þegar hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi. Sama breyting verður á rétti framleiðenda hljóðrita til hljóðrita sem hafa verið gefin út eða gerð aðgengileg almenningi. Lögin fela í sér nýtt ákvæði sem heimilar listflytjanda að segja upp samningi um framsal réttinda ef umsamin réttindi eru ekki nýtt í nægilegum mæli.

Lög nr. 9/2016 um uppfærslu höfundalaga, einkaréttindi höfunda og samningskvaðir

Markmið laganna er að færa I. kafla höfundalaga, sem fjallar um réttindi höfunda og fleira, til samræmis við þróun höfundalaga í öðrum norrænum ríkjum, einkum með tilliti til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins [2001/29/EB](#) um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu. Annað markmið laganna er að lögfesta breytt fyrirkomulag á samningskvaðaleyfum.

Í lögnum er tekið upp breytt orðalag um hugtakið eintakagerð og jafnframt er notað orðasambandið „að gera verk aðgengileg“ í stað hugtaksins „birting“. Hugtakið á við um þá heimild sem notendur fá til nota á verkum á grundvelli samningskvaðar.

Nýju samningskvaðirnar sem voru lögfestar eru eftirfarandi:

- Tiltekin söfn geti samið um leyfi til eintakagerðar og til að gera slík eintök aðgengileg.
- Stofnanir geti samið um leyfi til að gera eintök af upptökum útsendinga hljóðvarps og sjónvarps til nota fyrir blinda, sjónskerta og heyrnarlausa.
- Útvarpsstöðvar geti samið um leyfi til endurnýtingar á verkum úr safni sínu.
- Almenn heimild til samninga um leyfi til nota á verkum í afmörkuðum, vel skilgreindum tilvikum.

Samningskvöð

Með samningskvöð er átt við að ákveðið er með lögum að notendum verka sem varin eru af höfundarétti, sem gert hafa samning við höfundaréttarsamtök um notkun á verkum aðildarfélaga/félagsmanna þeirra (t.d. með ljósritun), skuli einnig vera heimilt að nýta verk höfunda sem standa utan samtakanna enda séu verkin sömu tegundar og verk sem samningurinn tekur til og notkunin að öðru leyti háð ákvæðum samningsins. Þetta fyrirkomulag auðveldar notkun verka, til hagsbóta fyrir rétthafa og notendur, í þeim tilvikum sem um mikla notkun fjölda verka er að ræða. Sem dæmi um slíkt má nefna ljósritun fyrir kennslu eða flutning tónlistar í útvarpi.



Lög nr. 109/2016 um eintakagerð til einkanota

Markmið laganna er að koma til móts við óskir rétthafa um breikkun á gjaldstofni höfundaréttargjalds með tilliti til nýrrar tækni þannig að höfundaréttargjald greiðist af hvers konar fjölnota tækjum sem nýta má til upptöku og eftirgerðar verndaðra hljóðrita og myndrita, svo sem símu, tölvum, flökkurum, hörðum diskum (HDD) og þess háttar hljóð- og myndmiðlunarbúnaði. Í lögnum er kveðið á um rétt höfunda til sanngjarnra bóta vegna afritunar verka þeirra til einkanota með framlagi úr ríkissjóði sem miðast við hlutfall af tollverði miðla og tækja sem nýta má til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku til einkanota. Innheimta höfundaréttargjalda til að fjármagna bætur til rétthafa vegna eintakagerðar til einkanota er lögð af.

Frumvörp unnin á árinu

Mennta- og menningarmálaráðherra lagði fyrir Alþingi [frumvarp](#) til laga um námslán og námsstyrki en það var ekki afgreitt. Í því er tilgreint að markmið frumvarpsins sé að tryggja þeim, sem undir löginn falla, tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Þá kynnti ráðherra í ríkisstjórn drög að fjórum [lagafrumvörpum](#) sem unnin voru á vegum stýrihóps sem falið var að vinna að framgangi þingsályktunar um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Samkvæmt henni var mennta- og menningarmálaráðherra meðal annars falið að gera úttekt á lagaumhverfinu og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi.


Samskipti við stofnanir, eftirlit, mat og fleira

Niðurstöður PISA könnunar 2015

Niðurstöður [PISA könnunarinnar 2015](#) benda til þess að frammistaða íslenskra nemenda sé lakari en árið 2012 þegar rannsóknin var gerð síðast. Læsi íslenskra nemenda á náttúruvísindi hefur hrakað mikið á síðastliðnum áratug og læsi á stærðfræði hefur einnig hrakað stöðugt frá því það var fyrst metið árið 2003. Lesskilningur minnkaði frá 2000 til 2006 en eftir það hefur hann ekki lækkað marktækt.

Í PISA könnunni árið 2015 var lögð áhersla á náttúrufræðilæsi og voru tveir þriðju hlutar prófsins á því sviði. Einnig var prófað í lesskilningi og stærðfræðilæsi. Í PISA er ekki einungis metið hvort nemendur geti rifjað upp þekkingu úr skólanum heldur hvort þeir geti nýtt þekkinguna við nýjar aðstæður. Í könnuninni var lögð áhersla á nýtingu þekkingar, skilning á hugtökum og getu til þess að beita þekkingunni við mismunandi aðstæður.

Í viðbrögðum við niðurstöðunum kom fram að þróunin hér á landi sé áhyggjuefni því á öllum þeim sviðum sem mæld voru hefur árangur íslenskra nemenda dalað mikið frá því að niðurstöður fyrstu mælinga komu fram. Stjórnvöld lýstu yfir að í ljósi niðurstaðnanna sé nauðsynlegt að grípa þegar til aðgerða.



Myndin sýnir þróun á niðurstöðum PISA könnunarinnar frá upphafi fyrir Ísland. Í myndinni er staðan fyrir ár borin saman við stöðuna árið 2015. Kassarnir eru fylltir ef staðan það árið er marktækt frábrugðin 2015 en þeir eru tómir ef staðan er ekki marktækt frábrugðin 2015.



Í [skýrslu](#) Menntamálastofnunar um PISA 2015 eru meðal annars tillögur um aðgerðir sem stofnunin telur mikilvægt að ríki, sveitarfélög og skólar beiti sér fyrir. Þar kemur fram að lögð skuli áhersla á að ríkið styðji meira við umbótastarf á landsvísu, m.a. með menntun ráðgjafa og gerð vefnámskeiða er tengjast umbótaaðgerðum. Þá er lagt til að sett verði skýrari viðmið um árangur í aðalnámskrá og unnið verði staðlað stöðumat í stærðfræði og náttúrufræði sem kennurum standi til boða. Loks er lagt til að ríkið beiti sér fyrir endurskoðun á menntun og starfsþróun kennara. Að auki verði athugað hvað hægt sé að læra af reynslu annarra landa, svo sem nágranna okkar á Norðurlöndum, þar sem gripið var til markvissra aðgerða og vísbendingar eru um að tekist hafi að snúa vörn í sókn. Einnig verður athugað hvaða niðurstöður megi draga af jákvæðri reynslu hér á landi um aðgerðir til að bæta lestrarkunnáttu barna og þær nýttar einnig á öðrum sviðum.

Í kjölfar niðurstaðnanna boðuðu ráðuneytið og Menntamálastofnun til funda um samstarf og samráð um nauðsynlegar aðgerðir til að bregðast við niðurstöðum PISA 2015 og er gert ráð fyrir að það standi yfir á næstu árum.

UM PISA RANNSÓKNINA

PISA er umfangsmikil [alþjóðleg langtímarannsókn](#) á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, læsi á náttúrufræði og stærðfræði. Sá aldur er valinn þar sem hann markar lok almennrar skólagöngu í flestum löndum. Rannsóknin er eina alþjóðlega samanburðarmælingin á frammistöðu menntakerfisins sem fram fer hér á landi og sem gefur áreiðanlegar og sambærilegar upplýsingar um þróun þess. PISA kannanir eru gerðar á þriggja ára fresti og gefa vísbendingar um breytingar á frammistöðu nemenda ásamt því að meta stöðu þeirra við lok skyldunáms. Þetta er í sjötta sinn sem niðurstöður PISA eru birtar.

PISA er skammstöfun fyrir enska heiti rannsóknarinnar Programme for International Student Assessment á vegum [OECD](#). Alls taka yfir 70 þjóðir þátt í rannsókninni, þar af 34 aðildarríki OECD.

Menntamálastofnun sér um framkvæmd rannsóknarinnar á Íslandi fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Verkefni flutt til Menntamálastofnunar

Frá stofnun Menntamálastofnunar hefur ráðuneytið falið henni ýmis stjórnýsluverkefni sem það sinnti áður. Má þar nefna viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og framhaldsfræðsluaðila, innritun nemenda í framhaldsskóla, undirbúning að staðfestingu námsbrauta- og áfangalýsinga framhaldsskóla m.a. í tengslum við styttingu náms í framhaldsskólum. Einnig hefur stofnunin umsjón með matsnefndum og útgáfu leyfisbréfa fyrir kennara, náms- og starfsráðgjafa og bókasafns- og upplýsingafræðinga og sér um þjónustu fyrir starfsgreinaráð og fagráð gegn einelti.

Samningur um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu

Gerður var nýr **samningur** mennta- og menningarmálaráðuneytis við Ríkisútvarpið ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu og sem gildir til ársins 2020. Í honum er meðal annars kveðið á um að Ríkisútvarpið skuli leggja aukna áherslu á innlenda dagskrárgerð og að færa menningarefni framur í forgangs röðun í dagskrá. Áhersla er lögð á að auka skuli framleiðslu á fjölbreyttu, innlendu barnaefni, meira skuli keypt af efni af innlendum framleiðendum en áður og meira fé lagt til íslensks leikins efnis. Í samningnum eru einnig ákvæði um ýmsa þætti í innra starfi Ríkisútvarpsins, t.d. um jafnréttismál, málstefnu, innra eftirlit og gæðamál og fleira.

Breytt fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa í grunnskólum

Ráðuneytið ákvað að tillögu Menntamálastofnunar að breyta fyrirkomulagi lögbundinna samræmdra könnunarprófa í grunnskólum. Í fyrsta lagi var ákveðið að öll samræmd könnunarpróf verði lögð fyrir með rafrænum hætti frá og með haustinu 2016. Í öðru lagi var ákveðið að samræmd könnunarpróf, sem undanfarin ár hafa verið haldin að hausti í 10. bekk, færast til vors í 9. bekk. Því var ekkert próf haldið í 10. bekk haustið 2016 en þeir nemendur munu þreyta próf vorið 2017 á sama tíma og 9. bekkingar.

Með því að gera prófin rafræn gefst kostur á fjölbreyttari leiðum við að prófa markmið skólastarfs, stytta vinnslutíma miðlægra prófa, bjóða upp á sveigjanleika í fyrirlögn, auðvelda stuðningsúrræði fyrir nemendur með sérþarfir og gefa kost á að laga próffyrirlögn að hæfni nemenda. Með því að færa 10. bekkjar könnunarprófið í 9. bekk gefst nemendum, forráðamönnum þeirra og kennurum meira svigrúm til þess að nýta sér niðurstöðurnar til að bregðast við og móta áherslur í námi í 10. bekk.

Menntamálastofnun tilkynnti áform um að könnunarprófin yrðu hæfnimiðaðri í takt við áherslur í aðalnámskrá grunnskóla frá 2013. Stofnunin miðar við að áfram verði tvö könnunarpróf í 4. og 7. bekk, þ.e. í íslensku og stærðfræði. Í 10. bekk verður metin hæfni í íslensku, stærðfræði og ensku.

Samkvæmt ákvæðum í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er foreldrum heimilt að óska eftir því að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið. Í aðalnámskránni eru sett viðmið um verklag og forsendur við mat á slíkum óskum. Með því að færa samræmt könnunarpróf til vorannar í 9. bekk fá foreldrar, nemendur og skólar viðbótarupplýsingar til að meta hvort viðkomandi nemandi búi yfir nægilegri hæfni og geti því innritast í framhaldsskóla.



Ábyrgð og skyldur í framhaldsskólum

Gefin var út reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum, nr. [326/2016](#). Helstu nýmæli í reglugerðinni eru að mælt er fyrir um starfrækslu fagráðs í eineltismálum sem verður ráðgefandi í málum sem ekki eru leyst á vettvangi skóla. Slíkt fagráð hefur verið starfrækt fyrir grunnskóla og gefið góða raun. Reglugerðin er byggð á ákvæðum laga og aðalnámskrár en

með skýrum fyrirmælum og leiðbeiningum sem ætlaðar eru til stuðnings og hagsbóta fyrir alla aðila framhaldsskólasamfélagsins.

Árið 2012 voru gerðar breytingar á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, þar sem bætt var við greinum um ábyrgð nemenda og um skólabrag og þar með var komin lagastoð fyrir reglugerð. Í skýringum með frumvarpinu var lögð áhersla á

að tryggja réttindi nemenda til náms og velferðar í skólum og um ábyrgð og skyldur allra aðila skólasamfélagsins til að skapa góðan skólabrag, til dæmis með tilliti til aðgerða gegn einelti í skólum.

Við gerð reglugerðarinnar var haft viðamikið samráð við þá sem málið varðar og einnig var tekið mið af samþærilegri reglugerð fyrir grunnskóla nr. 1040/2011.

Lögreglunám á háskólastigi

Samið var við Háskólann á Akureyri um kennslu- og rannsóknarstarfsemi á sviði lögreglufræða í kjölfar auglýsts ferlis um lögreglunám á háskólastigi. Skólinn mun bjóða upp á tveggja ára diplómanám í lögreglufræðum í samráði við mennta- og starfspróunarsetur lögreglu og geta allt að 40 nemendur útskrifast með starfsréttindi sem lögreglumenn.

Samkomulag um stuðning við tónlistarnám

Mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innanríkisráðherra fyrir hönd ríkisins og Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaganna gerðu með sér [samkomulag](#) um stuðning við tónlistarnám. Markmið þess er að gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi óháð búsetu. Markmiðunum verður náð m.a. með því að ríkissjóður greiðir árlegt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, og annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags.



Fjárstuðningur ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga

Ríkissjóður greiðir árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að fjárhæð 520 m.kr. sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar samkvæmt samkomulaginu. Frá og með árinu 2017 skal framlag ríkisins breytast árlega í samræmi við launaforsendur BHM og verðlagsforsendur fjárlaga í hlutföllunum laun 85% og 15% önnur gjöld. Framlag ríkisins vegna annars kostnaðar en launa skal breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar. Framlög ríkisins samkvæmt samkomulaginu eru með fyrirvara um fjárheimildir til verkefnisins í fjárlögum.


Á móti framlagi ríkisins skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir verkefni frá ríkinu, sem tilgreind eru í samkomulaginu, sem nema 230 m.kr. á ársgrundvelli. Sveitarfélögin sjá til þess að framlagið renni til kennslu þeirra nemenda sem innritaðir eru í viðurkennda tónlistarskóla án tillits til búsetu og uppfylla nánari skilyrði sem sett verða í lögum um tónlistarskóla. Þau eiga einnig að ábyrgjast að nemendur sem njóta framlags greiði ekki annað en skólagjöld til viðkomandi tónlistarskóla.

Fjármálalæsi er kennt í flestum skólum landsins

Á árunum 2011 til 2014 stóð yfir tilraunaverkefni um að efla fjármálafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Gerð var skýrsla um verkefnið í lok þess og í kjölfarið fól ráðuneytið Stofnun um fjármálalæsi að gera könnun meðal allra grunn- og framhaldsskóla um fjármálalæsi. Markmiðið var að athuga stöðu fjármálafræðslu hjá öllum grunn- og framhaldsskólum, með hvaða hætti skólar vinna að hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla á sviði fjármálafræðslu og hvaða námsgögn eru notuð við kennsluna. Sérstaklega var spurt um tilraunaverkefni stýrihóps um fjármálalæsi á árunum 2012-2014 og hvernig þátttakendur mátu ávinning af því.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að fjármálalæsi er kennt í flestum skólum eins og aðalnámskrár gera ráð fyrir eða í 87% grunnskóla og 90% framhaldsskóla og oftast sem hluti af öðru námssviði en ekki sem sérstök námsgrein. Í grunnskólum er algengast að fjármálalæsi sé kennt sem hluti af stærðfræði en í framhaldsskólum er algengast að fjármálalæsi sé hluti af lífsleikni. Þá er lang algengast að kennarar útbúi námsefni sjálfir en ein helsta hindrunin í vegi fyrir kennslu í fjármálalæsi er talin vera skortur á námsefni. Nemendur grunn- og framhaldsskóla fá að jafnaði 11 kennslustundir í fjármálalæsi á skólaári. Kennarar allra skólastiga telja að hvorki gangi vel né illa að uppfylla kröfur aðalnámskráa um hæfniviðmið. Námsárangur í fjármálalæsi er sjaldnast metinn sérstaklega á grunnskólastigi, en það er gert í meirihluta tilvika á framhaldsskólastigi. Rúmur þriðjungur svarenda kemur á framfæri athugasemdum eða tillögum til úrbóta um kennslu í fjármálalæsi sem flokka má í þrennt: Ákall um frekara námsefni, rýmri kennslutíma og athugasemdir um stefnumótun. Meðal annars er kallað eftir samráðsvettvangi um kennslu í fjármálalæsi og nokkurs konar vísindagarði þangað sem sækja megi skemmtun og fræðslu. Niðurstöður könnunarinnar og þær tillögur sem gerðar eru til úrbóta eru til athugunar í ráðuneytinu.

Ýmis verkefni



Sigurður Pálsson hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar

Sigurður Pálsson skáld og rithöfundur hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2016, sem veitt eru í tilefni af degi íslenskrar tungu. Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Hörpu. Þá veitti ráðherra Ævari vísindamanni (Ævari Þór Benediktssyni) sérstaka viðurkenningu í tilefni af degi íslenskrar tungu.

Í rökstuðningi ráðgjafarnefndar um Sigurð Pálsson segir meðal annars: „Á löngum ferli hefur Sigurður fengist við tungumálið úr öllum áttum, af dirfsku og frumleika. Fyrir fyrstu bókina í endurminningaþríleik sínum, *Minnisbók (2007)*, hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin. Sigurður er einnig eitt vinsælasta leikskáld þjóðarinnar en hann hlaut Grímuverðlaunin fyrir handrit sitt að *Utan gátta (2008)*. Þá hefur Sigurður alla tíð verið mikilvirkur þýðandi og eru þýðingar hans úr frönsku ómetanlegt innlegg í flóru íslenskra bókmennta“.

Um tillögu sína að veita Ævari Þór Benediktssyni sérstaka viðurkenningu segir ráðgjafarnefndin meðal annars: „Ævar Þór Benediktsson (*Ævar vísindamaður*) er landsþekktur fyrir hugsjónastarf í þágu barna og unglinga, t.d. vísindapætti í útvarpi og sjónvarpi og lestrarátak í skólum. Þannig er hvatning til skapandi hugsunar og bóklesturs áberandi þáttur í starfi Ævars Þórs“.

Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar eru veitt einstaklingum sem hafa með sérstökum hætti unnið íslenskri tungu gagn í ræðu eða riti, með skáldskap, fræðistörfum eða kennslu og stuðlað að eflingu hennar, framgangi eða miðlun til nýrrar kynslóðar. Ráðgjafarnefnd dags íslenskrar tungu gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um verðlaunahafa og rökstyður val sitt. Í ráðgjafarnefnd um Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sátu að þessu sinni Baldur Hafstað, prófessor emerítus sem var formaður nefndarinnar, Guðrún Ingólfsdóttir íslenskufræðingur og Dagur Hjartarson kennari og rithöfundur. Verðlaunahafi fær í verðlaun 700 þúsund krónur, íslensku teiknibókina og skrautritað verðlaunaskjal.



Nýr fjölþjóðlegur samstarfsvettvangur í menntamálum

Stofnfundur nýs samráðsvettvangs Atlantic Rim Collaboratory var haldinn í Reykjavík í boði mennta- og menningarmálaráðherra en hvatamaður að stofnun hans er Andy Hargreaves, prófessor við Boston háskólann í Bandaríkjunum. Ráðherrar menntamála, fulltrúar kennarasamtaka, menntamálastofnana, sveitarfélaga, embættismenn og sérfræðingar frá Finnlandi, Skotlandi, Írlandi, Kanada, Bandaríkjunum, Aruba og Íslandi voru meðal þátttakenda.

Markmið fundarins var að bera saman þróun menntamála landanna, skilgreina sameiginleg gildi í menntun, miðla reynslu, stuðla að fagmennsku í skólastarfi og mynda samstarfsvettvang landanna. Samstarfið snýr m.a. að því að þróa raunhæfar aðferðir til að koma á kerfisbreytingum í menntamálum, einkum til að efla velferð og andlegt heilbrigði, auka jafnrétti í menntun og styrkja skóla margbreytileikans.

Á fundinum fór einnig fram margvísleg umræða um viðfangsefni í menntamálum á komandi árum og fram kom eindreginn vilji til að halda áfram að þróa þetta samstarf og vinna að afmörkuðum verkefnum í því skyni. Niðurstöður fundarins eru á vef [Atlantic Rim Collaboratory](http://AtlanticRimCollaboratory.com)

Úttekt á menntun án aðgreiningar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og ýmsir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins standa fyrir úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum í samstarfi við Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir Samningur þar um var undirritaður haustið 2015.

Á árinu var unnið að eiginlegum hluta úttektarinnar með viðtölum við hópa og einstaklinga sem tengjast menntakerfinu á Íslandi með einum og öðrum hætti, ásamt því að sérfræðingar Evrópumiðstöðvarinnar heimsóttu skóla víða um land. Allt að 300 hagsmunaaðilar tóku þátt í þessum lið úttektarinnar. Annar liður úttektarinnar var vefkönnun sem beint var til skólastjórnenda, kennara, stuðningsstarfsfólks í skólum og foreldra á þremur fyrstu skólastigunum. Gert er ráð fyrir að niðurstöður úttektarinnar liggi fyrir í ársbyrjun 2017.

Þá stóð ráðuneytið fyrir málþingi í tengslum við haustfund Evrópumiðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir, sem haldinn var á Íslandi með fulltrúum menntamála frá 29 Evrópuríkjum. Á málþinginu var fjallað um dreifstýringu í evrópskum menntakerfum, þróun, áskoranir og tækifæri og tóku um 50 evrópskir fulltrúar og 50 íslenskir fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum í menntakerfinu þátt í því.

Nýr sjóður til að efla íslenska tónlist

Hljóðritasjóður er nýr sjóður sem stofnaður var til að stuðla að nýsköpun í íslenskri tónlist og efla hljóðritagerð. Úr sjóðnum verða veittir styrkir til hljóðritunar nýrrar, frum-samdrar tónlistar. Veittir verða styrkir í almenn verkefni

og þróunarverkefni. Styrkir úr hljóðritasjóði verða veittir til ákveðinna verkefna og ekki lengur en til eins árs í senn. Fyrsta [úthlutun úr sjóðnum](#) var í árslok og var þá um 35 millj. kr. veitt til 84 verkefna.

FORRITANLEGAR SMÁTÖLVUR FYRIR BÖRN

Nemendur úr Kópavogsskóla og Háteigsskóla tóku við fyrstu Microbit forritanlegu smátölvunum sem allir grunnskólanemendur í 6. og 7. bekk eiga kost á að fá endurgjaldslaus. Um er að ræða átaksverkefni sem hefur að markmiði að efla forritunarkunnáttu íslenskra barna, auka vitund um mikilvægi forritunar í daglegum störfum, efla rökhugsun og stuðla að auknum áhuga á tækni- og iðngreinum. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntamálastofnun, Ríkisútvarpið, Samtök iðnaðarins og fyrirtæki sem tengjast þeim standa að verkefninu.

Verkefnið felst í því að Microbit, forritanleg smátölva, sem er hönnuð af BBC og fjölda samstarfsaðila til að vekja áhuga barna á forritun og kenna þeim forritun, verður gefin öllum grunnskólabörnum í 6. og 7. bekk. Samhliða því verða kynnt fjölpætt verkefni, fræðsluefni og leiðir sem nemendur, kennarar og foreldrar geta nýtt sér til að kynnast heimi forritunar, meðal annars með notkun Microbit tölvunnar. Forritunarvinna reynir ekki aðeins á rökhugsun heldur einnig hugmyndaðgi, skapandi hugsun og lausnamiðaða nálgun. Gert er ráð fyrir að um 9000 Microbit smátölvur verði afhentar.

Menntamálastofnun sér um að dreifa tölvunum til þeirra skóla sem vilja taka þátt í verkefninu. Hlutverk Ríkisútvarpsins er að vinna þætti, fræðsluefni og myndbönd fyrir börn sem vilja vita meira um forritun en líka fyrir foreldra og kennara. Það stendur einnig fyrir forritunarleikjum sem börn geta tekið þátt í, annað hvort ein síns liðs, með bekknum sínum eða skóla. Aðsetur verkefnisins verður á [KrakkaRÚV](#).





Landkynning í Frakklandi í tengslum við EM

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og sendiráð Íslands í Frakklandi í samstarfi við Íslandsstofu stóðu fyrir menningarviðburðum og landkynningu í tengslum við Evrópumeistaramótið í knattspyrnu karla sem haldið var í Frakklandi.

Markmið landkynningarverkefnisins var nýta tækifærið sem gafst með EM til að kynna Ísland og allt sem íslenskt er í Frakklandi og var efnt til margvíslegra list- og matarviðburða í París, St. Etienne og Marseille þar sem íslenska

landsliðið spilaði fyrstu leiki sína í keppninni.

Kynningin hófst 13. júní með bókmenntaviðburði í París, á Þjóðhátíðardeginum 17. júní var Menningarhátíðin Air d'Islande opnuð í Marseille. Meðal annarra viðburða má nefna sýninguna Air d'Islande í Marseille og þátttöku í handverkssýningu á ráðhústorgi Saint-Étienne.

Auk þess stóð ráðuneytið ásamt öðrum fyrir veglegri móttöku landsliðsins þegar það kom heim úr frægðarför sinni til Frakklands.

Staða og horfur í menntastefnu Íslands

OECD gaf út rit um menntastefnu á Íslandi í ritröð sem heitir [Education Policy Outlook](#), sem er ætlað að greina stefnu og umbætur yfirvalda í menntamálum í öllum aðildarríkum OECD. Íslensk þýðing birtist á vef OECD undir heitinu [Staða og horfur í menntastefnu Íslands](#). Þar segir meðal annars undir fyrirsögninni: *Megin áskoranir fyrir stefnumótun í menntamálum.*

„Ísland stendur frammi fyrir því viðfangsefni að þróa nútímalegt og eftirsóknarvert skólakerfi sem styður nemendur í að ljúka námi á tilskildum tíma og bæta námsárangur. Annað úrlausnarefni er aldurssamsetning kennarahópsins sem gæti leitt til kennaraskorts. Í þessu sambandi er mikilvægt að tryggja að starfandi kennarar hafi aðgang að nægum tækifærum til starfsþróunar og að skapa skilyrði sem laðar hæfa einstaklinga að kennarastarfinu. Þróa þarf samræmdan ramma fyrir innra og ytra mat á skólastarfi sem einnig felur í sér formlegt mat á starfi kennara. Ísland er eitt fárra landa innan OECD sem hefur ekki komið á formlegu kerfi fyrir mat á kennurum í starfi innan skólafunnar. Með aukinni aðsókn að háskólanámi standa íslenskir háskólar frammi fyrir þeirri áskorun að tryggja gæði þess náms sem er í boði á háskólastigi, sérstaklega í ljósi þess hversu ólíkar háskólastofnanir starfa í landinu“.

Greiningin byggist á viðamiklum upplýsingum sem OECD hefur aðgang að í gagnagrunnum sínum og er ætlað að varpa ljósi á stöðu menntamála í hverju landi fyrir sig, greina helstu úrlausnarefni sem menntakerfið stendur frammi fyrir og hvaða aðgerðum stjórnvöld hafa hrint í framkvæmd til að bregðast við þeim. Þetta er sett í samhengi við alþjóðlega þróun og samanburð við stefnur og umbætur á völdum sviðum. Greiningunni er skipt í þrjá flokka og sex áherslusvið sem geta stuðlað að umbótum í menntamálum.

Ráðherrafundur Hvíta hússins um vísindi á Norðurlóðum

Illugi Gunnarsson mennta- og menningar- málaráðherra, ráðuneytisstjóri og skrifstofu- stjóri skrifstofu mennta og vísinda tóku þátt í ráðherrafundi Hvíta hússins um vísindi á Norðurlóðum í boði ríkisstjórnar Banda- ríkjanna. Markmið fundarins var að efla samstarf ríkja um rannsóknir og vöktun á Norðurskauti jarðar. Vísindamálaráðherrum allra ríkja Norðurskautsráðsins, fulltrúum Evrópusambandsins auk ráðherra þeirra landa sem stunda umtalsverðar rannsóknir á Norðurlóðum var boðið til fundarins. Á fundinum var lögð fram kortlagning á þeim verkefnum sem þegar er unnið að á sviðinu og ráðherrarnir ræddu meðal annars hvernig byggja megi á þeim til að fleyta sam- starfinu áfram. Einnig var rætt um hvort vilji ríkjanna standi til þess að fundir sem þessir verði haldnir með reglubundnum hætti.

Í [yfirlýsingu](#) að fundi loknum koma fram áform um aukið samstarf og [aðgerðir](#) í þeim efnunum sem rædd voru sérstaklega á fundinum, þ.e.:

1. Breytingar á loftslagi og náttúru á Norðurlóðum sem talið er að muni hafa mikil áhrif bæði þar og annars staðar á jörðinni og þau úrlausnarefni sem vísindamenn standa frammi fyrir í þeim efnunum.
2. Leiðir til að efla vöktun á norðurskautinu og hvernig opna megi aðgang að gagnasöfnum í ríkjunum.
3. Hagnýting rannsókna til að efla möguleika íbúa á Norðurlóðum til að bregðast við og aðlagast breytingum.
4. Aðgerðir til að efla menntun á sviði vísinda, tækni, verk- og stærðfræði, jafnt innan sem utan Norðurlóða, til að styrkja möguleika íbúa til að takast á við framtíðina, taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku, og til að efla sjálfbæra þróun.



Nýjar ritreglur

Birt var auglýsing um [íslenskar ritreglur](#), sem gilda um stafsetningarkennslu í skólum og útgefið efni á vegum hins opinbera. Auglýsingin var birt 6. júní og frá sama tíma féll úr gildi auglýsing frá árinu 1974 um íslenska stafsetningu, með síðari breytingum. Í nýju ritreglunum eru ekki veigamiklar breytingar frá eldri reglum nema á framsetningu og fjölda dæma. Helstu breytingarnar varða stóran og lítinn staf og eitt orð eða fleiri.

Nokkur dæmi um breytingar:

Stór og lítill stafur

Heiti fylgismanna stjórnmalaflokka skulu rituð með stórum staf.

Nýjar ritreglur:

Heiti fylgismanna stjórnmalaflokka sem dregin eru af nafni flokksins, einnig þó það sé stytta: Framsóknarkona

- Kristilegir demókratar • Repúblikani • Samfylkingarmaður • Samfylkingarsinni
- Vinstri grænir • Sjálfstæðismaður

Dýra- og jurtanöfn, matvæli og læknisfræðileg heiti sem samsett eru þannig, að fyrri hlutinn er sérnafn, skulu ætíð rituð með litlum staf.

Nýjar ritreglur:

Sum samnöfn eru rituð með litlum staf ÞÓTT þau séu dregin af sérnafni.

Tegundarheiti dýra og jurta, matvælaheiti og læknisfræðiheiti eru rituð með litlum upphafsstaf þótt þau séu upprunalega dregin af sérnöfnum. Sama gildir um heiti trúarbragða, viðhorfa, strauma og stefna og heiti fylgismanna þeirra: (dæmi um hvern flokk: jövuökottur, maríulykill, madeirasósa, alzheimerveiki, múhameðstrú, lenínisti).

Eitt orð eða fleiri

Orðasambönd með töluorðum eru langoftast rituð í aðskildum orðum (t.d. eins hreyfils flugvél). Nokkrar undantekningar eru frá því (t.d. átjánbarnafaðir, fjórðapartsnóta). Í nýju ritreglunum er skilgreining á undantekningunni skýrð betur en nú er og henni lítillega breytt.

Nýjar ritreglur:

Orðasambönd með töluorðum eru rituð í aðskildum orðum. (Dæmi: tólf spora kerfi, fjórða parts nóta). Einstaka sinnum renna þó töluorð og nafnorð í eignarfalli í eina heild með eftirfarandi nafnorði þannig að heildarmerking orðsins verður önnur en einstakra liða. (Dæmi: fimmaurabrandari, sjómílnaskór, þúsundþjalasmiður).

Valkvæði hefur verið tekið út úr ritun orðasambanda sem enda á kyns/konar til samræmis við ýmis önnur orðasambönd með aðra seinni liði sem eingöngu eru rituð aðskilin (t.d. háttar, kostar, sinni, staðar, veginn, vegna o.s.frv.). Einnig hafa verið teknar út hliðarmyndirnar alskonar og sumstaðar.

Nýjar ritreglur:

Aukafallsliðir [...] alls kyns, eins konar, alls staðar, sums staðar.


Starfsemi ráðuneytisins, starfsmannamál og fleira

Breytingar á skipulagi og starfsháttum

Á síðustu árum hafa verið gerðar nokkrar breytingar á stjórn-skipulagi aðalskrifstofu mennta- og menningarmálaráðu-neytisins til að mæta breyttum viðfangsefnum og aðstæð-um. Nokkrum skrifstofum var t.d. slegið saman á árinu 2011 og aftur 2013 til þess að mæta kröfum um aðhald í rekstri. Haustið 2016 var skipulaginu breytt til að auðvelda ráðu-neytinu að annast skyldur sem á því hvíla samkvæmt lögum um opinber fjármál, nýta betur mannafla og efla stjórnsýslu. Undirbúningur breytinganna stóð yfir í meira en ár, með þátttöku allra starfsmanna. Breytingunum hefur verið hrund-ið í framkvæmd smám saman og er þeim ekki lokið.

Fyrir breytinguna var ráðuneytinu skipt í þrjú svið og tvær skrifstofur auk skrifstofu yfirstjórnar. Þótt skipuritið hafi verið teiknað sem fléttuskipulag, þar sem lárétt stoðsvið að-stoðuðu lóðréttar fagskrifstofur, þá virkaði það ekki alltaf þannig. Skipulagið gerði ráð fyrir að flókin mál gengju á milli skrifstofa, sviða og deilda eftir því í hverju þau voru fólgin, þannig að hver um sig annaðist afmarkaðan þátt.

Í nýju skipulagi eru einungis skrifstofur, fimm að tölu. Skrifstofa menningarmála og skrifstofa mennta- og vísinda-mála hafa umsjón með málaflokkum ráðuneytisins. Skrif-stofa laga og stjórnsýslu annast lögfræðileg málefni og sér til þess að rétt sé staðið að vinnslu mála og formkröfur upp-fylltar. Skrifstofa stefnumótunar og fjárlagagerðar samræmir vinnu og samskipti ráðuneytisins á þessu sviði og hefur eft-




irlit með framkvæmd fjárlaga og skrifstofa yfirstjórnar sér um innri þjónustu og samræmingu. Auk þess sem ýmsir framkvæmda- og eftirlitsþættir sem voru á ábyrgð stoðsviða voru fluttir til skrifstofa sem annast málaflokka er stóra breytingin sú að skrifstofurnar eru fléttaðar mun meira saman en áður. Þetta er aðallega gert með því að vera með föst teymi og samráðshópa, sem í sitja starfsmenn af fleiri en einni skrifstofu. Hlutverk teyma er að undirbúa afgreiðslu flókinna, viðamikilla og tímafrekra erinda eða mála til að stytta feril og afgreiðslutíma þeirra þannig að mál fari almennt ekki á milli skrifstofa. Teymi á því að manna með tilliti til þessa. Dæmi um það er gerð rekstrarsamninga við einkaaðila og eftirlit með framkvæmd þeirra sem krefst almennt þekkingar á faglegum, fjárhagslegum og lögfræðilegum þáttum.

Hlutverk samráðshópa er að bæta samhæfingu og samráð á milli skrifstofa, m.a. við fjárlagagerð og að setja fram stefnur ráðherra. Einstaka sérfræðingar eru tengiliðir ráðuneytisins gagnvart stofnunum, sjóðum og aðilum sem það á í samstarfi við og setja þeir sig inn í starfsemina, hafa yfirsýn yfir samskiptin, leiðbeina um þau og fylgja málum ráðuneytisins eftir, óháð því hvers eðlis þau eru.


Erlent samstarf

Gerður hefur verið gagnagrunnur um allt erlent samstarf sem ráðuneytið tekur þátt í. Þar er fyrirferðarmest samstarf sem byggist á ákvæðum EES-samningsins um þátttöku í svokölluðum samstarfsáætlunum um rannsóknir og þróun, menntamál og menningarmál. Þessar samstarfsáætlanir eru annars vegar um stefnumótun og þróun í málaflokkunum og hins vegar styrkir, sem veittir eru til að vinna að þeim markmiðum sem sett eru. Norrænt samstarf kemur næst að umfangi. Sem dæmi um umfang samstarfsins má nefna að ráðuneytið tekur þátt í starfi um 160 erlendra nefnda og ráða á erlendum vettvangi og þar af eru um eitt hundrað á sviði rannsókna og menntamála. Um 50 starfsmenn ráðuneytisins eru fulltrúar í nefndum og ráðum og að auki eru fulltrúar frá rúmlega tíu stofnunum, sem heyra undir ráðuneytið. Meira en 130 fundir voru sóttir á árinu 2016.

ÚTGJÖLD MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS EFTIR MÁLEFNAFLOKKUM



SKIPTING REKSTRARKOSTNAÐAR 2016




NIÐURSTÖÐUR ÚR REKSTRI AÐALSKRIFSTOFU


	2014	2015	2016
Laun	632	649	686*
Húsnæði	64	70	71
Aðkeypt þjónusta	51	66	79
Ferðir og fundir	38	62	61
Rekstrarkostnaður	6	6	6
Tilfærslur	53	32	25
Eignakaup	10	9	19
Kostnaður samtals	854	894	947
Sértekjur	20	3	19
Framlag ríkissjóðs	834	878	925
Tekjur samtals	854	881	944
Mismunur	0	-13	-3

*milljónir króna.


ÞRÓUN HELSTU KOSTNAÐARLIÐA FYRIR UTAN LAUN



BORGIR SEM FERÐAST ER TIL OG HVERSU OFT ÁRIÐ 2016



MÓTEKIN ERINDI MEÐ TÖLVUPÓSTI ÁRIN 2012-2016




SKJALASAFNIÐ Í TÖLUM 2012-2016

	2012	2013	2014	2015	2016
Ný mál á árinu	5.251	3.962	3.363	5.041	2.537
Ný skjöl á árinu	42.572	41.127	34.563	35.722	27.431
Fjöldi mála í vinnslu í árslok	4.261	2.789	1.854	2.485	2.418
Heildarfjöld mála í Málaskrá í árslok	96.133	100.064	103.652	109.057	111.369
Innkomin erindi á netfang ráðuneytisins	4.902	5.992	6.196	5.415	6.155
Beiðnir um aðgang að gögnum skv. upplýsingalögum	47	50	43	62	66

KVARTANIR OG KÆRUR 2012-2016

Málefni	2012	2013	2014	2015	2016
Kærur	7	4	5	16	2
Kvartanir til Umboðsmanns Alþingis	9	10	10	14	7
Kvartanir vegna leikskóla	2	2	0	1	1
Kvartanir vegna grunnskóla	5	9	11	8	1
Kvartanir vegna framhaldsskóla	5	9	6	23	3
Kvartanir vegna háskóla	4	5	5	0	0
Kvartanir vegna námsstyrkjanevndar	4	5	1	1	1
Kvartanir og kærur samtals	36	44	38	63	15

FJÖLDI STARFSMANNA



FJÖLDI STARFSFÓLKS, MEÐALALDUR, MEÐAL- STARFSALDUR, HLUTFALL HÁSKÓLAMENNTAÐRA

	2014	2015	2016
Fjöldi starfsmanna	67	63	62
Konur	69%	71%	69%
Karlur	31%	29%	31%
Fjöldi stöðugilda	63,5	60,4	59,5
Meðalaldur	54 ár	54 ár	54,9 ár
Meðal starfsaldur	13 ár	13 ár	14,15
Hlutfall háskólamenntaðra	79%	79%	79%

Útgefin rit mennta- og menningar- málaráðuneytis 2016

Rafræn rit

Ársskýrsla undanþágunefndar grunnskóla skólaárin 2014-2015 og 2013-2014

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara: Skýrsla til mennta- og menningarmálaráðherra 10. mars 2016

Leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla

Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla

Leiðbeiningar um innra mat leikskóla

Löggjöf um sjálfstætt rekna grunnskóla og tillögur um lagabreytingar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Ársrit 2015

Niðurstaða verkefnishóps um fagháskólanám:

Tillaga til mennta- og menningarmálaráðherra

Nýir tímar: Aukin áhersla á hæfni og læsi í grunnskólum - nýtt einkunnakerfi - þjóðarsáttmáli um læsi - samræmd könnunarpróf

Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum skólaárin 2008/2009 til 2012/2013

Undanþágunefnd framhaldsskóla: Skýrsla um starf nefndarinnar fyrir haustönn skólaársins 2014 – 2015

Úttekt á framkvæmd og gæðum starfsnáms á vinnustöðum, unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Úttekt á kennslu í fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi

Úttekt á listdansskólum á framhaldsstigi

Úttekt á skólabrag og samskiptum í Gerðaskóla, unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

White Paper on Education Reform [Hvítbók um umbætur í menntun]

Prentuð rit (eru einnig birt rafrænt)

Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Ársrit 2015

Nýir tímar: Aukin áhersla á hæfni og læsi í grunnskólum - nýtt einkunnakerfi - þjóðarsáttmáli um læsi - samræmd könnunarpróf

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI
ÁRSRIT 2016



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ